



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

SAMÞYKKT UM AÐ BREGÐAST ÞURFI STRAX VIÐ KENRARASKORTI

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 krefst þess að ríki og sveitarfélög bregðist strax við þeim alvarlega kennaraskorti sem nú þegar er í grunnskólum landsins. Fram kemur bæði í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem og nýlegum rannsóknum að sterkar vísbendingar séu um alvarlegan kennaraskort. Jafnvel þótt kennaranemum muni fjölga margfalt þá dugir það ekki til. Varað er við fráleitum hugmyndum um styttingu kennaranáms úr fimm árum í þrjú og takmarkalausum ráðningum leiðbeinenda sem lausn vandans.

Eitt af meginverkefnum ríkis og sveitarfélaga verður að vera að tryggja að þeir sem mennta sig til kennslu í grunnskóla hefji þar störf og haldist í starfi. Því ber að fagna að nýr menntamála-ráðherra hefur sýnt málinu skilning og sagt þetta vera eitt af forgangsverkefnum í menntamálum.

Ef ekki á illa að fara þarf að laða til starfs þá sem nú þegar hafa réttindi til kennslu, en hafa valið sér annan vettvang. Gera þarf laun grunnskólakennara samkeppnishæf við laun annarra sérfræðinga og laga stórlega starfsaðstæður þeirra. Með þessum hætti má snúa við hinni alvarlegu þróun og kennaraskorti.

Málið þolir enga bið.